

Foreldrafélag Núps - Fundargerð

Fundur nr. 3, skólaárið 2019/2020

Staður: Leikskólinn Núpur

Dagsetning: 08. janúar 2020

Tími: 20:30

Fundarritari: Auður

Mættir: Halldóra, Ester, Kristín, Auður, Tinna og Ása

Dagskrá: Farið yfir stöðu bókhalds og komandi viðburðir á vorönn ræddir.

Fyrsta efni fundarins var bókhaldið. Staða reiknings er 281.177 kr. Allir viðburðir á haustönn greiddir en annars eru aðeins fimm greiðsluseðlar eru ógreiddir. Ætlum að biðja Ingu að heyra í Fylki og biðja þá að útbúa reikning fyrir bókhaldið. Það voru nokkur börn sem byrjuðu á leikskólanum nú á miðju skólaári og við tókum þá ákvörðun um að senda greiðsluseðla á forráðamenn þeirra, en þá aðeins hluta af gjaldinu, um helming 2900 kr. Áslaug ætlar að láta Stínu fá nöfnin svo hún geti sent greiðsluseðlana út.

Dagnýj hafði samband við okkur og sagðist geta hafið danskennsluna eftir 14. maí. Það er starfsdagur á Núpi 22.maí og við viljum hafa danstímama samfellda svo við sendum henni póst og óskum frekar eftir því að dansinn hefjist 29. maí. Hún svarar okkur á meðan fundinum stendur og er til í það. Svo dansinn hefst 29. Maí og verður á föstudögum fyrir hádegi.

Eiríkur Ingi ljósmyndari er búinn að vera í sambandi við Ester, hann er laus 4. eða 11. mars. Báðar dagsetningarnar henta skólafinu ágætlega og Ester verður í frekari sambandi við hann með að bóka aðrahvora dagsetninguna fyrir myndatökuna.

Rætt var um fyrirlestur fyrir foreldra. Tekin var ákvörðun um að bóka ekki Herdís á skyndihjálparnámskeið vegna þess að hún var stíf á 3 tíma námskeiði sem við teljum að henti ekki foreldrum. Litla kvíameðferðarstöðin er með marga áhugaverða fyrirlestra um skjánotkun, kvíða hjá börnum og tæki og tól sem foreldrar og börn geta nýtt sér til þess að takast á við kvíða. Tinna ætlar að hafa samband við þau og óska eftir því að þau setji saman fræðsluefni fyrir foreldra og kanna verð. Þegar við höfum fengið svör frá þeim ætlum við að kanna það hvort að leikskólinn Dalur vilji ekki vera með okkur í þessum viðburði.

Næsta umræðuefni var vorferðin. Mikið rætt fram og til baka um dagsetningar og niðurstaðan var að hafa hana 17. maí. Við bókuðum Gamla húsið í Guðmundarlundi, bæði vegna þess að þar er salernisaðstaða og nóg af sætisplássi. Aðstaðan verður því okkar frá kl. 9-15 og kostar 10.000 kr. Stína ætlar að heyra í þeim á morgun og staðfesta verðið og ganga síðan frá greiðslu. Foreldrafélagið ætlar að skaffa sósum, steiktum lauk, kolum og tilheyrandi. Foreldrar sjá þá um pylsur og drykki. Auður ætlar að heyra í töframanninum og kanna hvað hann kostar. Annar var það í umræðunni að það þurfi kannski ekki atriði og krakkarnir muni hvort sem er njóta þess að vera saman að hafa gaman.

Næsta sunnudag, 12. Jan, er fimleikafjör. Búið er að senda tölvupóst á foreldra og ætlar Halldór að prenta auglýsinguna út og setja í anddyri leikskólans. Ætlum einnig að biðja Bryndísi að senda tilkynningu í gegnum Völu.

Stefnt er að því að senda fréttabréfið um miðjan/lok apríl.

Aðrir punktar:

- Kristín ætlar að fá aðgang að tölvupósti foreldrafélagsins
- Tinna ætlar að reyna að grafa upp kvittunina fyrir jólapappírnum

Fundi slitið 21:50